

Fimmtudaginn 26. mars 1992.

Nr. 519/1991. **Ákærvaldið**(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn**X**

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

og

Y

(Atli Gíslason hrl.).

Rán. Líkamsárás leiðir til dauða. Hlutdeild. Skilorð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. nóvember 1991 samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, að því er varðar ákærða, X, en einnig að því er varðar ákærðu, Y. Af ákærvaldsins hálfu er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn um ákærðu, Y. Varða þau aðallega hegðun hennar eftir uppkvaðningu héraðsdóms, en einnig er meðal gagnanna vottorð Áskels Arnar Kárasonar deildarstjóra, þar sem hann staðfestir, að hún hafi verið vistuð í lokaðri vistun á móttökudeild Unglingaheimilis ríkisins tímabilið 14. mars 1991 til 7. júní sama ár, alls 86 daga.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi.

Staðfesta ber þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að ákærðu hafi orðið sek um brot á 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að þátttöku þeirra beggja beri að heimfæra undir lokamálslið greinarinnar. Þótt sannað sé, að ákærði, X, hafi með árás sinni á Úlfar Úlfarsson veitt honum áverka þá, er leiddu hann til bana, þykir, þegar framburður ákærðu og önnur rannsóknargögn eru virt, ekki sannað, að ákærði hafi hlotið að sjá þær afleiðingar fyrir. Verður hann því sýknaður af ákæru fyrir brot á 211. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar ber að heimfæra brot hans til 2. mgr. 218. gr. sömu laga, þar sem hann mátti gera sér grein fyrir hættu

þeirri, sem árás hans var samfara. Þá þykir ákærða, Y, hafa mátt gera sér grein fyrir hættu þeirri, sem fylgdi beitingu ákærða, X, á hnúajárnunum, en það var þáttur í skipulögðum ránum þeirra. Brot hennar þykir því einnig eiga að heimfæra til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 22. gr. sömu laga.

Ákærðu eru bæði sakhæf. Bæði ránin voru framkvæmd á mjög fólksulegan hátt, og annað þeirra hafði í för með sér andlát þess, er á var ráðist. Þau hafa hins vegar ekki áður hlotið dóm um brot á refsilögum og voru mjög ung, þegar þau frömdu verknaðinn, hann 17 ára, en hún 15 ára, og ber að taka tillit til þess við ákvörðun refsingar, sbr. 2. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga. Þá hafa þau bætt árárþólanum Arnþóri Jónssyni tjón hans að kröfu hans.

Ákærði, X, skýrði, eftir að upp um brot hans komst, mjög hrein-skilnislega frá öllum atvikum að því. Refsing hans þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga kemur gæsluvarðhaldsvist hans frá 15. mars 1991 til dagsins í dag til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu.

Refsing ákærðu, Y, þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga er rétt að ákveða, að framangreind vistun hennar á Unglingaheimili ríkisins í 86 daga komi að fullu til frádráttar refsingunni, sbr. 3. tl. 69. gr. laga nr. 74/1974. Með tilliti til ungs aldurs hennar, hegðunar hennar að undanfögnu og þeirrar meðferðar, sem hún hefur notið, allt frá því er upp um brot hennar komst, þykir mega fresta þeirri refsingu hennar, sem ekki hefur verið tekin út, sbr. 57. gr. a almennra hegningarlaga, og skal hún falla niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi hún almennt skilorð 57. gr. sömu laga og hlíti á sama tíma einnig sérstöku umsjónarskilyrði 1. tl. 3. mgr. sömu greinar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærðu skulu greiða allan áfrýjunarkostnað máls þessa, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 5 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 15. mars 1991 komi refsingu hans til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærða, Y, sæti fangelsi í 3 ár, en vist hennar á Unglingaheimili ríkisins í 86 daga komi refsingu hennar til frádráttar með fullri dagatölu. Fresta skal fullnustu refsingar hennar að öðru leyti og hún falla niður að þremur árum liðnum, haldi hún almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hlíti sérstöku umsjónarskilyrði 1. tl. 3. mgr. sömu greinar, sbr. í báðum tilvikum 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 130.000 krónur, en málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna skulu þau greiða hvort fyrir sig, ákærði, X, Þorsteini Júlíussyni hæstaréttarlögmanni, 130.000 krónur, og ákærða, Y, Atla Gíslasyni hæstaréttarlögmanni, 130.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Haralds Henryssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda að öllu öðru leyti en því, að ég tel, að sýkna beri ákærðu, Y, af ákæru fyrir hlutdeild í broti ákærða, X, gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu eru bæði sakfelld fyrir rán samkvæmt 252. gr. sömu laga, og vegna þeirrar hættu, sem var samfara ráninu, er atferlið heimfært undir lokamálslið greinarinnar. Ekki er sannað í málinu, að ákærða, Y, hafi veitt liðsinni eða hvatningu til frekari aðfarar að Úlfari Úlfarssyni en þeirrar, sem fellur undir verknaðarlýsingu 252. gr. hegningarlaganna. Eins og hér háttar til, þykir mér því ekki unnt að sakfella hana sérstaklega vegna afleiðingar árásar ákærða, X.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Rán þeirrar tegundar, sem um ræðir í máli þessu, eru hættuleg og andstyggileg og brýn nauðsyn að sporna við þeim, bæði almennt og vegna afleiðinga eins og þeirra, sem hér komu fram. Afbrot ákærðu voru þó ekki liður í annarri brotastarfsemi eða tengd afbrigðilegu líferni. Voru ákærðu ekki komin út á glæpabraut, áður

en brotin voru framin, en höfðu búið við erfiða persónuhagi. Virðist æska þeirra og reynsluleysi hafa átt einna ríkastan þátt í atferli þeirra. Á þetta einnig við um það hættulega tiltæki ákærða, X, að nota heimasmíðuð hnúajárn við árásirnar, en sannað má telja, að hann hafi ekki beitt þeim áður í átökum.

Ákvæði 57. gr. almennra hegningarlaga eru gagnert til þess ætluð að veita dómstólum óskorað vald um frestun á fullnustu refsingar við hvaða broti sem er. Þessu úrræði laganna verður að beita af varúð og með hæfilegu tilliti til jafnræðissjónarmiða. Hins vegar missir heimildin marks, ef beiting hennar verður með öllu kerfisbundin.

Með hliðsjón af æsku ákærða, X, og atvikum varðandi brot hans ásamt þeim upplýsingum um hagi hans, sem raktar eru í héraðsdómi, tel ég nægar ástæður fram komnar til þess að fresta fullnustu á refsingu hans að því leyti, sem hún er ekki þegar afplánuð, en hann hefur nú verið vistaður í gæsluvarðhaldi í tiltækum stofnunum um meira en eins árs skeið. Verði refsingin skilorðsbundin um 5 ár og háð áskilnaði um umsjón samkvæmt 1. og 2. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Um önnur atriði málsins er ég sammála meiri hluta dómenda að öllu leyti.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 1. október 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 1. október, er á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1687-1688/1991: Ákærvaldið gegn Y og X.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. september sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 28. júní 1991, höfðað gegn Y og X fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 3. mars 1991:

I. Manndráp og rán.

Fyrir að hafa í félagi rænt Úlfar Úlfarsson, kt. 050163-547, í sundi við Bankastræti 14, þar sem Y gaf sig á tal við Úlfar og fékk hann með sér innar í sundið. Veittist ákærði, X, þar að Úlfari, sem sat í tröppum, og sló hann með hnúajárnum á krepptum hægri hnefa tvö til þrjú högg í andlitið, svo að Úlfar missti meðvitund, sló hann síðan fleiri högg í andlitið að áeggjan meðákærðu, meðan hún leitaði í fórum Úlfars, og tók af honum veski með um 1.100-1.200 krónum, sem ákærðu köstuðu eign sinni á.

Hlaut Úlfar við árásina rof á heilæð og blæðingu á heila, sem leiddi hann skömmu síðar til dauða.

II. Rán.

Nokkru eftir ofangreint rán sammælst um að ræna Arnþór Jónsson, kt. 090858-610, sem þau sáu í Lækjargötu vestan Stjórnarráðshússins, og ákærða í því skyni gefið sig á tal við Arnþór og fengið hann með sér upp Hverfisgötu og þar inn í sund við hús nr. 14, þar sem ákærði X réðst á Arnþór og sló hann nokkrum sinnum í andlitið með hnúajárnum á krepptum hægri hnefa. Tókst ákærðu, Y, er ákærði, X, og Arnþór áttu í átökum, að ná af Arnþóri lyklum og seðlaveski með tékkhefti og um 1.000 krónum, sem ákærðu slógu eign sinni á, og yfirgáfu ákærðu Arnþór meðvitundarlítinn, eftir að hafa veitt honum frekari áverka á höfuð.

Hlaut Arnþór eftirgreinda áverka vinstra megin í andlit: sár í neðri vör, bólgu og blæðingar í nefi, mikið og bólgið glóðarauga og mar á enni.

Þykir háttsemi ákærðu, sem lýst er í I. lið ákæru, varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, í báðum tilvikum sbr. 22. gr. hegningarlaganna, að því er varðar ákærðu, Y, en ránin í báðum liðum ákæru við 252. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru bæði komin yfir lögaldur sakamanna. Ákærða, Y, er fædd , og hefur ekki sætt refsingum, svo að kunnugt sé. Ákærði, X, er fæddur , og hefur ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

— — —

Málavextir.

I. Mannslát við Bankastræti 14, Reykjavík.

Sunnudaginn 3. mars 1991 kl. 7.05 hringdi Jón Valur Guðmundsson, Faxatúni 17, Garðabæ, á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík og tilkynnti, að maður lægi meðvitundarlaus við dvalarstað sinn að Bankastræti 14, Reykjavík. Fóru tveir lögreglumenn á staðinn ásamt sjúkraliðsmönnum, en í fylgd þeirra var lækni. Var Jón Valur þar á staðnum og vísaði þeim á mann, sem lá neðarlega í tröppunum að inngangi að íbúð hans, en gengið er inn í hana frá bakhlið hússins, en inn á baklóðina er farið um undirgang frá Skólavörðustíg. Maðurinn lá á bakinu í tröppunum með höfuð upp, en fætur voru krumpaðir (sic) undir honum, og var hann kaldur viðkomu. Að áliti læknisins, sem kom með sjúkrafífreiddinni, var maðurinn látinn. Var hann með sár á vinstra gagnauga og vinstra kinnbeini. Eftir að rannsóknarlögreglumenn frá Rannsóknarlögreglu ríkisins voru

komnir á staðinn og höfðu kannað vettvang, var maðurinn færður til, og kom þá í ljós, að hann var með sár á hnakka hægra megin, og var sjáanlegt hár á tröppubrún rétt við þann stað, sem höfuð hans lá. Við lauslega athugun lögreglumannanna í vösum hins látna var ekkert að finna nema tvo tíukrónapeninga, en engin skilríki um, hver hinn látni gæti verið. Annar lögreglumannanna, sem komu fyrstir á staðinn, Óskar Kristjánsson, lýsti manningum sem meðalmanni á hæð, 25-30 ára gömlum, dökkhærðum, með kollvik, en frekar þunnhærðum. Hann hafi verið í svörtum, mittissíðum, þykkum jakka, með svartan trefil um háls, í þunnum, grábrúnum bol, bláum gallabuxum með belti, svörtum sokkum og brúnum rúskinnsskóm, reimuðum. Hann hafi ekki verið með armbandsúr eða hringa, en hjá honum hafi verið par af leðurhönskum, og hann hafi legið að hluta á öðrum þeirra.

Lík Úlfars var krufið, og í krufningarskýrslu Gunnlaugs Geirssonar prófessors kemur fram þessi frumályktun um dánarorsök:

„Samkvæmt því, sem greint er frá í lögregluskýrslum, svo og því, sem fannst við krufningu og réttarefnafræðilega rannsókn, má álykta, að maðurinn hafi látist af höfuðáverka, sem olli heilablæðingu. Áverkar í andliti vinstra megin voru þess eðlis, að gætu hafa verið eftir högg eða pústra. Var um að ræða mar í mjúkvefjum og fleiður á yfirborði hörunds, en ekki meiri háttar áverka eða beinbrot. Áverkarnir á höfuðið hafa valdið rofi í heilæð með blæðingu umhverfis heilastofn og mjúku heilahimnur. Ekki var að sjá, að neitt væri athugavert við æðarnar, sem hefði getað stuðlað að blæðingu þessari. Sömuleiðis var ekki að sjá, að neitt væri athugavert við blóð mannsins, sem gæti hafa stuðlað að blæðingum. Hann var mjög ölvaður, er hann lést, og hafði tekið lyfið perfenacin (trilafon), áður en hann lést, og var það í lækningalegum skömmtum, en hefur getað aukið á áhrif áfengis. Af framanskráðu þykir líklegt, að maðurinn hafi í ölvunarástandi hlotið áverka af völdum annars manns með þeirri afleiðingu, að blæddi á heilann.“

Í réttarefnafræðilegu mati Þorkels Jóhannessonar, prófessors í lyfjafræði, um rannsókn á blóði og þvagi úr Úlfari segir svo:

„Magn etanóls í blóði mældist 2,56% og 3,36% í þvagi. Hvorki amfetamín, kannabínóíðar né kókaín/benzóýlekgónín eða morfín eða skyld lyf voru í mælanlegu magni í blóðinu. Við síun á basískum lyfjum í blóði fundust engin lyf eða eiturefni, sem greina má með þeirri aðferð. Beðið var sérstaklega um að ákvarða perfenazín í blóði, og var magn þess 16 ng/ml.“

Niðurstöðutölur þessara rannsókna staðfesta því, að maðurinn hafi verið mjög ölvaður, er hann lést. Magn perfenazíns, sem er sefandi lyf, var enn fremur margfalt meira en svarar til töku þess í lækningalegum skömmtum. Eituráhrif perfenazíns eru fremur lítil. Engu að síður verður að ætla, að taka svo mikils magns af perfenazíni og hér ræðir um svo og neysla áfengis í þeim mæli, er hér um ræðir, geti saman hafa dregið manninn til dauða.“

— — —

Það er svo nokkru síðar, um 14. mars, sem rannsóknarlögreglan fær vísingingu um, að ákærðu og fleiri ungmenni úr Mosfellsbæ gætu verið viðriðin dauða Úlfars, en útlit ákærðu samsvarar að mörgu leyti til framangreindrar lýsingar Björns.

Ákærðu voru bæði færð fyrir rannsóknarlögreglu til skýrslutöku 14. mars sl., en skýrslan þó fyrst tekin af ákærðu, Y, sem viðurkenndi að búa yfir vitneskju í máli þessu, þ.e., að hún hefði verið viðstödd framangreint manndráp í Bankastræti aðfaranótt sunnudagsins 3. mars sl. og vissi hver væri valdur að því. Eftir að henni hafði verið skipaður réttargæslumaður, greindi hún svo frá því, að meðákærði, X, hefði ráðist á Úlfar og barið hann í andlitið, og lét hún fyrst í það skína, að hún hefði ekki fylgst nánar með átökunum, heldur farið út úr portinu, meðan ákærði, X, hefði lamið Úlfar, og dró hún fyrst undan að mestu það, sem varðaði þátt hennar í aðförinni að Úlfari, en síðar breytti hún framburði sínum og viðurkenndi þátt sinn að verulegu leyti í því að ræna Úlfar fémæti.

Ákærði, X, viðurkenndi, er hann var tekinn fyrir af rannsóknarlögreglu síðar sama dag, að hafa ráðist á Úlfar umrædda nótt og slegið nokkur högg í andlitið, og er frásögn hans nokkuð ýtarleg og nákvæm, en þó dró hann í fyrstu undan atriði, er vörðuðu hann, en leiðrétti það við síðari yfirheyrslu.

Samkvæmt leiðrétum og nánari skýrslum af ákærða hjá rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómi svo og einnig framburði kunningjanna, sem koma úr, þeirra A, Á, bróður hans, E, F, og íbúa og gesta að, Reykjavík, sem nafngreindir verða hér síðar, er atburðarásin þessi:

Laugardagskvöldið 2. mars sl. um kl. 23.00 koma ákærðu ásamt framangreindum piltum saman á heimili Á, þar sem áfengi var haft um hönd, og höfðu þau flest neytt áfengis, þó mismikils, þar til þau fóru saman til Reykjavíkur með leigubifreið um miðnætti. Þau voru félagar, sem haldið höfðu hópinn í sambandi við skemmtanir o.fl., nema E, sem var nokkru eldri en hin. A, og Y voru saman á þessum tíma og höfðu komið saman heim til Á, og hefur hún haldið því fram, að hún hafi áður tekið inn

sjóveikistöflu til að fá af því vímuáhrif. Ekki hafði hún þó greint A eða öðrum þarna frá því, en hins vegar neytti hún þarna áfengis. Það voru samt fyrst og fremst ákærði, X, og Á, sem þarna neyttu áfengis og voru með áfengi og höfðu með sér til Reykjavíkur. Þau drukku það saman á ferð sinni um Reykjavík, auk þess sem þau neyttu vins og bjórs á þeim veitingastöðum, sem þau fóru á, er þau röltu um bæinn. Þau höfðu komið til Reykjavíkur um eða rétt eftir miðnætti og létu setja sig úr við Hlemm, og var Á þá orðinn mjög ölvaður. Þau höfðu gengið þaðan niður Laugaveg og farið til G, sem býr að, en hjá henni voru þá gestkomandi þrjár vinkonur, þær A, C og S. Þær héldu þarna myndlistarkvöld, þ.e. voru að teikna saman, jafnframt því sem þær fengu sér í glas. Íbúð G var frekar lítil, og var þarna þröng á þingi, eftir að ákærðu og kunningjar þeirra komu þangað, og þau því ekki beint vel séð þar. Þau höfðu dvalist þarna í um hálf tíma, en héldu þá niður í bæ, og í ferð sinni um Laugaveg og miðbæinn fóru þau inn á nokkra veitingastaði, þar sem neytt var bjórs eða annars áfengis. Þau höfðu þó hvergi komist öll inn á neinn skemmtistað, en E hafði hitt kunningja á veitingastaðnum Tveim vinum við Frakkastíg og orðið þar eftir. Hin höfðu eftir kráarráp og rölt um bæinn haldið aftur að um kl. 3.00.

Ákærði, X, hafði þá fyrir um það bil ári smíðað sér hnúajárn, og notaði hann í þau U-laga járn, sem haft er til að festa lista niður á tréverk, og er gat í botni þess og eitt á hvorri hlið. Hann hafði fundið það í bílskúrnum heima hjá sér og flatt það út, þar til það varð að járnplötu, sem hann límdi svo með heftiplástri á svokallaðar lyftingargriplur úr leðri. Hann setti svo upp leðurhanska yfir griplurnar, er hann setti á sig hnúajárnin. Hann gaf þá skýringu á þessu uppátæki, að hann hefði um þetta leyti tvívegis orðið fyrir því, er hann sótti dansleiki, í annað skiptið austur í Aratungu, að margir strákar hefðu veist að sér og borið sig ofurliði og lamið. Hann kvaðst því hafa útbúið járnin til að nota í varnarskyni, ef hann yrði aftur fyrir slíkum árásum, og alltaf hafa haft þau með sér, er hann hefði farið út að skemmta sér. Hann hefði og haft þau með sér, er hann fór þarna um kvöldið í bæinn, og vissu meðákærða og kunningjarnir af því, enda hefði hann sett þau upp á rölti þeirra um bæinn og m. a. lamið þeim í húsrennu, svo að hún beyglaðist.

Þegar ákærðu og félagar komu aftur að, voru þau orðin peningalítill, áttu naumast fyrir leigubifreið upp í Mosfellsbæ. F hafði þarna reynt að brjóta upp stöðumæli við, en ekki tekist. Öll voru þau þá undir áhrifum áfengis og ákærðu orðin alldrukkin, og enn var Á mjög drukkin, þó að eitthvað hefði bráð af honum.

Ákærða, Y, hefur borið, að vegna ölvunar og áhrifa frá fyrrgreindri sjóveikistöflu muni hún lítið eftir því, sem gerðist þarna í þetta sinn. Þau

höfðu verið einhverja stund inni hjá G að ásamt áðurnefndum gestum, sem voru þar inni. Þá fara þau að ræða um að fara aftur í bæinn til að ræna fólk og berja, og er ljóst af framburði gestanna, að það eru ákærðu, sem hafa sig mest í frammi í umræðunni, en lítið fer fyrir hinum. A fannst ákærða, Y, hafa verið meira fyrir hópnum og rekið á eftir honum að fara í bæinn í þessum erindagjörðum, en C taldi ákærða, X, hafa haft meiri forystu í umræðunum. Hann hefði þarna tekið upp framangreind hnúajárn og sett á sig, og kvað C það hafa komið skýrt fram, að hann hefði ætlað að beita þeim í fyrirhuguðum ránum, og átti að afla peninga með þeim. Hún kvað enga nema meðákærðu hafa tekið undir, en varð samt ekki vör við nein mótmæli hjá hinum, sem virtist vera sama, nema einum strákanna, sem verið hafi frekar fálátur og ekkert tekið undir þetta, en einn féлага ákærðu var á skilorði vegna refsilagabrots. Ekki er fram komið, að hinir gestirnir hafi séð, er ákærði setti upp hnúajárnin, en vegna þess, hve þröngt var í stofunni, þar sem umræðurnar fóru fram, voru hinir gestirnir meira til hliðar við ákærða. Ákærðu og félagar höfðu svo farið út, og þarna fyrir utan var haldið áfram umræðunni um að fara ránsferð í bæinn. Jafnframt hafði F o.fl. reynt aftur að brjóta upp fyrrgreindan stöðumæli, tókst það og tóku úr honum um 650 kr. í peningum.

Ljóst er af framburði þeirra, að ákærðu höfðu komið sér saman um að fara í ránsferðir í bæinn og ákærði, X, ætlaði að nota hnúajárnin í því sambandi, og átti að ráðast helst á drukkið fólk og hafa af því peninga. Ákærðu höfðu sig bæði í frammi um að fá A og félagana með sér í ránsferðina, og mun hafa verið fyrirhugað, að ákærða, Y, lokkaði drukknar menn inn í húsasund, þar sem ákærði, X, og A sætu fyrir þeim og réðust á þá og hefðu af þeim peninga. A og félagar voru tregir til ferðarinnar, en létu þó til leiðast að fara með, og kvaðst A hafa fallist á það, en ekki til að taka þátt í ránunum, heldur til að fylgjast með Y og reyna að koma í veg fyrir þátttöku hennar. Er þau höfðu öll farið skamman spöl áleiðis niður í bæ, hafði A rekið fótinn utan í eitthvað, svo að upp tóku sig gömul meisdli og hann tók að haltra. Ákærða, Y, hafði þá fengið hann til að fara aftur að, og skyldi Á líka fara með honum, þar eð hann þótti of drukinn til að taka þátt í ránsferðinni. Varð það úr, að þeir fóru aftur að til G og F með þeim, og fengu þau að bíða þar ákærðu. Ákærðu héldu svo niður Laugaveg frá, og er ljóst, þó að ákærða, Y, muni lítið eftir sér á þessari leið að Bankastræti, að þarna lögðu þau niður fyrir sér, hvernig standa skyldi að ránunum, og átti ákærða, Y, að lokka ölvaða og mjög drukknar menn, þó einn í senn, sem yrðu á vegi þeirra, inn í húsasund með því að bera sig illa undan kærasta sínum, en síðar kæmi ákærði að, þar sem hún hefði náð hinum drukknar manni afsíðis, létist vera kærastinn, sem væri reiður, og réðist svo á manninn. Ákærði ætlaði að

nota hnúajárnin til að slá hlutaðeigandi, svo að hann rotaðist eða yrði óvígur og þau gætu hirt af honum peninga eða annað fémeti. Hann hafði á þessari leið sett aftur upp hnúajárnin, og þótt ákærðu sé óljóst í minni, hvað gerðist þarna á leiðinni, hlýtur hún að hafa fylgst með því, því að hún veit, að hann er með hnúajárnin, er hann síðar ræðst á Úlfar. Ákærðu höfðu lagt af stað frá um kl. 3.40-3.45, að því er ákærði ætlaði, og rétt undir kl. 4.00 voru þau á mótis við veitingastaðinn Laugavegi 22, en út af honum var þá að koma framangreindur Björn Björnsson og var vel ölvaður og hélt af stað niður í miðbæ, þar sem hann hugðist kaupa sér pylsu, sennilega í pylsubarnum í Hafnarstræti. Samkvæmt framburði ákærða höfðu þau afráðið þarna, að ákærða gæfi sig á tal við manninn, en ákærði færi á undan og inn í port þar fyrir ofan veginn, og þangað átti ákærða að lokka manninn og ákærði svo að ráðast á hann. Ákærða hefur borið, að hún muni fremur óljóst eftir atvikum að þessu vegna ölvunarástands síns og kveður þetta tímabil að mestu hafa dottið út úr minni sínu. Hún minnst þó að hafa hitt þarna mann, sem hún hefði beðið um vindling og taldi, að væri Vestfirðingur. Framburður ákærða er í verulegum atríðum í samræmi við framburð Björns, og þykir mega treysta því, að þarna hafi átt að lokka Björn inn í húsaport ofan við Laugaveg, sennilega á Bergstaðastræti, til að ræna hann, svo sem hann hefur lýst hér að framan. Er hann hafði horfið frá og haldið áfram niður Laugaveg, hafði ákærða kallað til ákærða inn í portið, þar sem hann hafði beðið og hlustað á umræður ákærðu og Björns og átt von á þeim inn í portið, og sagði honum, að maðurinn væri farinn. Þau höfðu þá gengið áfram niður Laugaveg.

Ákærðu voru stödd við gatnamót Laugavegar, Bankastrætis og Skólavörðustígs, er þau höfðu séð mann í eða við undirgang hússins Bankastrætis 14, þar sem það liggur að húsi nr. 2 við Skólavörðustíg. Maðurinn hafði virst ölvaður, og kvað ákærði, X, hann hafa setið í undirganginum, en ákærða, Y, kvað hann hafa staðið, en sagði þó síðar hér fyrir dómi, að verið gæti, að hann hafi hallað sér eða setið upp að húsveggnum. Ákærðu greinir á um, hvort þeirra hafi séð manninn fyrr og hvort hafi átt uppástunguna um að ræna hann. Hins vegar er ljóst, að þau komu sér saman um að ræna hann og að ákærða lokkaði eða fengi hann til að fara innar í portið þar inn af, svo að hann sæist ekki af götunni, og svo kæmi ákærði og réðist á hann, og er augljóst, að að þessu skyldi staðið svo sem áður hafði verið ráðgert. Ákærða fór og talaði við manninn og fékk hann með sér inn í portið og bar sig jafnframt illa undan kærasta sínum. Á hægri hönd við undirganginn, þegar gengið er inn í portið, eru þrep, sem liggja að íbúð á annarri hæð, svo sem fyrr er lýst. Þau ákærða og maðurinn settust neðarlega í þessar tröppur og voru að ræða saman, er ákærði kom

inn í portið, eins og ráðgert var. Hann kvað þau hafa komið sér saman um merkjakerfi, þannig, að hún myndi hlæja hátt, þegar honum væri óhætt að koma, en hún kannast ekki við það. Hann hafði látist vera unnusti ákærðu, sem kæmi óvænt að þeim, og spurt manninn, hvað hann væri að eiga við kærustuna hans, og þá ráðist fyrirvaralaust að honum, en ákærða hafði þá staðið upp eða var staðin upp rétt áður. Ákærðu höfðu þá bæði gert sér grein fyrir, að maðurinn var ölvaður. Maðurinn hafði ekki veitt neina mótspyrnu, í mesta lagi reynt að standa upp og bera handlegginn fyrir sig, en ákærði hafði þá slegið hann a.m.k. þrjú þung hnefahögg í andlitið vinstra megin, svo að hann féll eða hneig aftur fyrir sig í tröppunum, en ákærði hafði áður, eins og fyrr er getið, sett upp hnúajárnin og var með þau á hendinni, er hann sló. Eftir að maðurinn hafði fallið aftur og virtist meðvitundarlaus, tók ákærða að leita í vösum hans að peningum. Meðan á því stóð, hafði heyrst eins og hrothljóð í manningum, og er hann virtist vera að rumska, hafði ákærði slegið hann aftur hnefahögg í andlitið, en hann kvað það ekki hafa verið eins þungt högg og hin fyrri, en verið gæti, að höfuð hans hefði þá slegist í tröppurnar. Ákærða hafði eftir einhverja leit fundið veski mannsins í einhverjum vasa hans, mundi ekki hverjum, og tekið það. Maðurinn hafði eftir það sýnt einhver merki um, að hann væri að rakna úr rotinu, og hafði ákærði þá slegið hann eitt högg enn í andlitið, en þó vægara en hin fyrstu, en tilgangurinn með því var að halda manningum áfram meðvitundarlausum. Eftir þetta höfðu ákærðu haldið á brott, og hafði þá korrað í manningum, eins og hann ætti í öndunarerfiðleikum, og hafði ákærði hugleitt að setja hann í svokallaða læsta hliðarstöðu, en svo talið hann vera í þeirri stöðu, að þess væri ekki þörf. Ákærði kvaðst hafa slegið manninn tvö síðustu höggin eftir hvatningu eða áeggjan frá ákærðu, en því hefur hún neitað. Hún kveður hann hafa sagt sér að taka veski mannsins þarna, en hann kveður hana hafa tekið það upp hjá sjálfri sér, án þess að hann hafi sagt henni að gera það. Hann kvaðst aldrei hafa slegið manninn í hnakkann, heldur taldi hann, að maðurinn hefði frekar hlotið áverka á hnakkann við það, að hann hefði slegist utan í tröppuna, er hann sló manninn. Ákærða kvað manninn hafa verið húkandi mestallan tímann, sem barsmíðarnar stóðu. Ákærði kvaðst ekki hafa ætlað að bana manningum, heldur hefði hann einungis ætlað að rota hann eða gera hann óvígán og gert sér grein fyrir, að enginn kæmist ómeiddur frá því að vera rotaður. Hins vegar hefði það ekki verið tilgangur sinn að meiða manninn og veita honum örkuml. Hann kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir, hverjar afleiðingar það gæti haft að nota hnúajárnin eins og hann gerði, hann hefði enga reynslu haft í notkun þeirra og dómgreind sín verið skert vegna ölvunar. Hvorugt ákærðu kvaðst hafa gert sér þarna grein fyrir, að manningum væri hætta búin með því að skilja hann

eftir svona bjargarlausan. Þau höfðu svo farið út úr portinu og haldið út á Laugaveg og svo niður Bankastræti, og athugaði þá ákærða innihald veskisins, og reyndust vera í því um 1.000 kr. í peningum, skilríki o.fl., þ. á m. ökuskirteini mannsins, og skoðuðu þau það bæði, og vissu þau því, að nafn hans var Úlfar Úlfarsson. Eftir að ákærða hafði tekið peningana úr veskinu og stungið inn á sig, fleygði hún veskinu inn í garð við Stjórnarráðshúsið í Bankastræti. Ákærðu fóru svo um miðbæinn og svo upp Hverfisgötu að, eftir að hafa rænt mann í húsaþorti við Hverfisgötu, svo sem lýst verður í II. lið hér á eftir. Ákærðu fóru ekki aftur að Bankastræti 14 til að huga að Úlfari, og er ekki fram komið, að það hafi nokkru sinni hvarflað að þeim. Þau höfðu, eftir að þau komu aftur að, greint félögum sínum frá ránsferð sinni um bæinn, þ. á m., að þau hefðu rænt og slegið mann að nafni Úlfar Úlfarsson. Þau höfðu síðar, er nafn Úlfars var birt í fjölmiðlum og myndir af portinu, þar sem hann fannst látinn, gert sér grein fyrir, að þau áttu aðild að dauða hans. Um svipað leyti höfðu þau og félagarnir komið saman heima hjá A, þar sem rætt var, hvað gera skyldi, og hafði ekki komið til álita hjá ákærðu að gefa sig fram við lögreglu, heldur ráðgerðu þau helst að fara af landi brott, ef böndin bærust að þeim. Ákærði hafði um þetta leyti fleygt hnúajárnunum út í móa af veginum, sem liggur yfir Lágafellið frá Reykjavegi að Hlíðartúni í Mosfellsbæ, og fundust þau ekki við leit, en sams konar festingarjárn og hann bjó hnúajárnin til úr fannst í bílskúrnum heima hjá honum, og hefur ljósmynd af því verið lögð fram í málinu.

Gunnlaugur Geirsson prófessor, Bjarkargötu 2, Reykjavík, kt. 300140-3279, hefur staðfest framangreinda krufningarskýrslu um Úlfar, og bar hann sem vitni nánar um hana. Hann var spurður um, hvort það magn áfengis og lyfja, sem mældist í blóði og þvagi Úlfars og prófessor Þorkell Jóhannesson telur hafa getað valdið dauða Úlfars, hafi getað verið meðverkandi að dauða hans ásamt áverkunum, sem hann hlaut af völdum ákærða, X. Vitnið kvað áverkana, sem voru á líki Úlfars, vera dánarorsök hans, þ.e. blæðing inn á heila, og ekki hafi reynt á það, hvort hann hefði síðar látist af áfengi því og lyfjum, sem hann hafði tekið inn, en töluvert væri misjafnt, hvað menn þyldu í þeim efnum, og sé það einstaklingsbundið, en afleiðing af mikilli neyslu þessara efna valdi stöðvun öndunar og hjartsláttar. Vitnið kvað blæðinguna inn á heila koma til af því, að snúningur verði á heilanum, sem rífi fingerðar æðar, svo að blæðing verði. Vitnið kvað blæðinguna ekki þurfa að vera nálægt áverkastað. Það kvað slíkan snúning verða við áverka á höfuð og nefndi sem dæmi, að ef maður fengi höfuðhögg framan á hnakka, gæti áverkinn verið aftan á heilanum, og þurfi yfirleitt snögg og þungt höfuðhögg til að valda slíkum snúningi.

Porkell Jóhannesson prófessor, Oddagötu 10, Reykjavík, kt. 300929-3389, staðfesti og hér fyrir dómi álit sitt um áhrif þess magns áfengis og lyfja, sem mældist í Úlfari, og kom fram hjá honum hér fyrir dómi, að hann taldi, að Úlfar hefði verið kominn mjög langt með að ganga frá sér sjálfur, og taldi líklegt, að ástand hans hefði verið slíkt eftir þá neyslu, sem mælingin benti til, að hann hefði ekki náð að standa upp sjálfur, t.d. ekki komist á eigin fótum undan stýri. Þá taldi hann, ef Úlfar t.d. hefði þurft að selja upp, að veruleg hætta hefði verið á því, að hann hefði dáið í eigin uppsölu.

II. Líkamsárás og rán við Hverfisgötu 14, Reykjavík.

Ákærðu gengu um miðbæinn í framhaldi af verknaði þeim, sem lýst er í I. lið hér að framan. Ákærði kvaðst vegna ölvunar muna óljóst eftir sér þarna í miðbænum. Hann hafði þó ráðist að manni, sem ákærða hafði beint inn í húsasund hjá Skólalabru, en þar hafði hann komið út undan ruslagámi, sem þar var, en maðurinn hafði komist undan, án þess að til nokkurra átaka kæmi. Þau höfðu svo síðar, er þau ræddu við félagana sína um ransferðirnar, talað um þennan mann sem ríka manninn, sem hefði sloppið. Þau höfðu svo gengið norður Lækjargötu að Lækjartorgi, en þá var staddur norðanvert í Bankastræti nálægt gatnamótum Lækjargötu og Bankastrætis Arnþór Jónsson, Lerkilundi 6, Akureyri, kt. 090868-6109, og var talsvert eða mjög drukkin. Hafði hann verið á veitingastaðnum Glaumbar við Tryggvagötu og drukkið mikið af bjór og sterku áfengi frá því kl. um 20.00 fram til kl. um 3.00, en þá fór hann að röltu um miðbæinn. Ákærðu, sem sáu Arnþór um svipað leyti, komu sér saman um að ræna hann, og þó að þau greini á um eins og í fyrri skiptin, hvort hafi átt uppástunguna, er ljóst, að þau fara að eins og áður höfðu verið lögð á ráð um. Ákærða skyldi gefa sig á tal við Arnþór og fá hann með sér upp Hverfisgötu, en ákærði myndi fara á undan, og átti hún að fá Arnþór inn í húsasund það eða port, sem ákærði vísaði á og færi inn í. Það gekk eftir. Ákærða gaf sig á tal við Arnþór og bar sig illa við hann undan kærasta sínum, sem hún hafði sagt, að væri brjáláður út í sig. Þau höfðu svo gengið upp Hverfisgötu, og hafði hún fylgst með því, er ákærði fór á undan og svo inn í húsasund skáhallt á móti Þjóðleikhúsinu, en það var við hús nr. 14 við Hverfisgötu. Inn í þetta sund fór ákærða með Arnþór og úr því inn í húsaort eða bakgarð. Er þangað komið, réðst ákærði á Arnþór. Hann var með hnúajárnin á hendinni og sló Arnþór nokkur högg í andlitid í því skyni að yfirbuga hann, svo að þau gætu rænt hann. Arnþór hafði veitt mótspyrnu og náð taki á ákærða, og hafði komið til fangbragða á milli þeirra og þeir fallið í jörðina og velst þar um. Ákærði kvað þarna

hafa komið upp pattstöðu, þannig, að ákærði hafi haft tak á Arnþóri og Arnþór tak á sér, en ákærði kvaðst svo hafa náð að losa hægri höndina og slá Arnþór tvö högg í andlitið og þá haft undirtökin og haldið Arnþóri niðri, meðan ákærða hafi náð að fara í vasa hans og taka af honum lykklippu með billyklum og húslyklum og fleira, en áður hafði hún náð veski Arnþórs úr hægri rassvasa hans. Hann hafði svo fengið upp gefið hjá Arnþóri, hvar billinn væri, sem billyklarnir gengu að, og hverrar tegundar hann væri, og minnti hann, að hann hefði átt að vera grá Nissan-bifreið, sem hefði verið lagt við Ásvallagötu. Hann kvaðst, meðan hann var að slást við Arnþór, hafa verið að rífast við hann og þá spurt hann, hvers vegna hann hefði verið að eiga við konuna sína, og látist hafa fylgst með honum o.s.frv.

Arnþór Jónsson, sem borið hefur vitni í málinu, mundi ekki mikið eftir átökunum og minnti, að einhverjar stimpingar hefðu orðið milli sín og ákærða og þeir tekist fangbrögðum. Hann mundi eftir að hafa fengið mikið högg við vinstra auga, en mundi svo ekki meira og taldi, að hann hefði rotast fljótlega eftir það.

Ákærða hefur lýst áflogunum á svipaðan hátt og ákærði og kvað þau hafa staðið yfir nokkra stund. Þá kemur fram hjá henni, að áflogunum hafi lokið og Arnþór legið í götunni og verið vankaður, en hún var ekki viss, hvort hann var alveg rotaður eða rænulaus, er hún hafi tekið af honum veskið, lykklakippuna o.fl.

Ákærði kvaðst í viðureigninni hafa misst báða hanskana af sér og verið þá eingöngu með gripluna á hægri hendi í lokin. Hann hafði þá sleppt Arnþóri, sem þá hafi ekki verið alveg rotaður, en óvígur, og farið að leita að hönskunum. Á meðan á leitinni stóð, kvað hann Arnþór hafa vírst vera að rakna við, og hefði ákærða þá tekið hellustein, sem þarna var, og látið hann detta tvisvar í höfuð Arnþóri, sem hafi legið á grúfu á jörðinni, og hann vírst hálfmeðvitundarlaus á eftir, hættur að velta sér. Ákærði kvaðst ekki hafa slegið Arnþór mjög fast með hnúajárnunum, þar eð hann hefði verið orðinn mjög aumur í hendinni, kominn með mar undan hnúajárnunum og fundið til sársauka í hendinni, þegar hann sló. Ákærða hefur neitað því að hafa látið hellustein detta tvívegis á höfuð Arnþóri, en kveðst minnst þess að hafa fallið þarna um hellustein og fært hann til. Hún kvaðst og hafa þarna stigið á gleraugu Arnþórs og brotið þau. Arnþór man ekki eftir að hafa rumskað svo vel þarna, að hann gæti borið um þetta, og mundi ekki eftir því.

Sams konar hella og sú, sem talin er geta átt við hér og fannst rétt hjá staðnum, þar sem átökin urðu, var tekin til skoðunar af rannsóknarlögreglu. Var hún vegin og reyndist 10,734 kg að þyngd. Ákærða hafði tekið úr veskinu peninga, að upphæð um 1.000 kr., og tékkhefti, en fleygði því

svo yfir í næsta húsaгарð. Ákærðu höfðu svo farið út á Hverfisgötu austan megin við húsið og haldið að

Arnbór hafði rankað við sér, þegar klukkan var vel yfir 5.00, og hafði þá vantað á hann annan skóinn, sem hann fann ekki við leit né gleraugu sín. Hann hafði komist niður í Lækjargötu og reyndi þar að fá leigubifreið, en hann var þá svo illa útleikinn, bæði forugur og blóðugur, að þeir leigubílstjórar, sem hann náði til, vildu ekki taka hann upp í bifreiðar sínar, en einn kallaði á lögreglu fyrir hann, sem tók hann upp við biðskýli SVR í Lækjargötu kl. 5.20 og flutti á slysadeild til aðhlyningar.

Samkvæmt vottorði Brynjólfs Jónssonar læknis voru áverkar Arnþórs þessir við skoðun, eftir að komið var með hann á slysadeildina kl. 5.40: „1) Bólga í kringum vinstra auga, mikið glóðarauga, nær sokkið. Ekki að sjá nein áverkamerki á auganu.

2) Það var mar á enni vi. megin.

3) Nef mjög bólgið og aumt, en ekki úr lagi fært og virðist stöðugt. Báðar nasir opnar og merki um blæðingar.

4) Sár á neðri vör innanvert og gegn vi. megin, virðist sem tönn hafi þar gengið í gegn.

Ekki önnur áverkamerki og sjúklingur virðist í góðu andlegu ástandi og ekki undir áhrifum áfengis, að því er séð verður. Gert er að sárum sjúklings, blóð þvegið. Sár á vör saumuð og búið um.

Álit:

Sjúklingur hefur áverka á andliti, sem geta verið eftir högg og ofbeldi af annars hálfu. Töluvert mar, sár og bólga er í andliti, en áverkarnir líklegir að geta gróið án teljandi framtíðarópæginda.“

Arnbór hefur verið spurður sérstaklega um það, hvort hann hafi verið með einhverja áverka á hnakka eða ofanverðu höfði. Hann hefur ekki getað svarað því ákveðið, en kveðst hafa verið allur aumur í höfðinu, en ekkert hafi sést, og sé ekki svo gott að sjá mar undir hárinu, en hann hafi verið allur „krambúleraður“. Ekki gat hann sagt um það sérstaklega, hvort óhreinindi hefðu verið í sárunum á höfðinu. Ekki gat hann heldur sagt, að hann hefði haft nein sérstök eymsli í hnakka fremur en annars staðar.

Í bótakröfu Arnþórs kemur fram, að hann hafi verið um fimm daga frá vinnu vegna meiðslanna, sem hann hlaut, auk þess sem jakki hans og gleraugu hafi eyðilagst. Þá gerði hann kröfu um 200.000 kr. í miskabætur. Alls námu kröfur hans 368.830 kr., og hefur í rekstri málsins verið samið um kröfuna af ákærðu, og hefur hún verið greidd að fullu.

Ákærði hefur haldið því fram, að á leið þeirra ákærðu að Vitastíg 14 hafi ákærða gefið sig á tal við mann, sem hún hafi viljað ræna, en hann ekki, þar eð hann hafi verið orðinn aumur í hendinni eftir hnúajárnin,

en hún þá viljað fá þau lánuð til að beita sjálf á manninn, en hann ekki viljað lána henni þau. Hann kvað manninn hafa boðið henni í samkvæmi, en ekkert orðið úr ráninu. Ákærða kannaðist ekki við þetta.

Hins vegar er fram komið, að eftir að á Vitastíg 14 kom, kom til álíta og var ráðgert að einhverju marki, að þau tækju leigubifreið að Ásvallagötu og tækju þar bifreið þá, sem Arnþór var með. Það hafði ekki fengið undirtektir hjá félögunum og ákærði þá líklega ekki viljað standa að því, og hafði ákærða þá hent lykklakippunni með lykklunum að bifreiðinni og húslýklum inn í húsagarð þar hjá, þar sem þeir fundust síðar eftir ábendingu hennar.

III. Persónulegir hagir ákærðu.

Ákærðu hafa bæði vegna þessa máls gengist undir geðrannsókn hjá Láru Höllu Maack geðlækni, og einnig hefur ákærði, X, í gæsluvarðhaldinu verið í sálfræðilegri meðferð hjá Jóni Friðriki Sigurðssyni sálfræðingi. Ákærða var vistuð á Unglingaheimili ríkisins í forsjá Ársæls Arnar Kárasonar sálfræðings. Í málinu liggja fyrir skýrslur þessara manna um ákærðu, og þeir hafa og borið vitni í málinu. Samkvæmt þessum gögnum og því, sem ákærðu hafa borið við rannsókn málsins, er þetta komið fram um persónulegar aðstæður þeirra:

1. Ákærði X.

— — —

Niðurstaða í skýrslu geðlæknisins er sú, að ákærði sé ekki og hafi ekki verið haldinn neinum þeim geðsjúkdómi, sem skert gæti sakhæfi hans varðandi þau afbrot, sem hann er grunaður um. Hann taldi ekki, að hann væri bráðhættulegur, en taldi miðað við afbrot hans, að hann væri líklegri en aðrir að fremja ofbeldisverk síðar meir.

— — —

2. Ákærða, Y.

— — —

„...Y er ekki og var ekki haldin neinum þeim geðsjúkdómi, sem skert gæti sakhæfi hennar varðandi þau afbrot, sem hér um ræðir. Augljóst er þó, að hún hefur sýnt veruleg hegðunarafringdi öll unglingsárin, s.s. ofdrykkju og lauslæti. Tilfinningalega er hún misþroska, og hún hefur að

auki síðustu tvö árin sýnt veruleg merki óyndis, án þess að beinlínis hafi verið um þunglyndi að ræða (sjá lið E). Sálarástand hennar er nátengt þeim aðbúnaði og misnotkun, sem hún hefur orðið fyrir í uppveiti, auk þess sem erfðabættir koma til.”

Þá kemur fram hjá geðlækninum, að hann telur enga hættu af ákærðu allsgáðri, en drukkin, sérstaklega í „ réttum félagsskap”, er hún óutreiknanlegri, en ekki bráðhættuleg.

Í framburði læknisins hér fyrir dómi kom fram, að reynslan væri sú, að stúlkum, sem orðið hefðu fyrir sífjaspellum, væri hætt við síðar að þjást af þunglyndi og að reynsla ákærðu vegna kynferðislegrar áreitni af hálfu stjúpa síns og afbrigðileg uppvaxtarskilyrði hefðu leitt til óeðlilegs tilfinningabroska hjá henni og algjörs virðingarleysis hennar fyrir sjálfri sér sem kvenmanni.

— — —

IV. Niðurstöður málsins.

Í málinu verður að telja, þegar virtur er í heild framburður ákærðu, vætti vitna og önnur rannsóknargögn, að sannað sé, að ákærðu hafi komið sér saman um og framið í sameiningu framangreind tvö ráni, sem ákært er út af og lýst er hér í I. og II. lið. Ákærðu hagnýttu sér þá peninga, sem þau höfðu upp úr þessum ránum, og fyrir lá strax, að ákærði myndi beita valdi til að yfirbuga fórnarlömbin, og er ekki fallist á þau rök ákærðu, Y, að einungis beri að líta á þátt hennar sem hlutdeild, heldur er hún þátttakandi í framkvæmd ránanna. Hins vegar þykir ekki sannað gegn mótmælum hennar, að hún hafi látið gangstéttarhelli falla tvívegis á höfuð Arnþóri, svo sem ákærði fullyrðir, en það fær hvorki stuðning í framburði Arnþórs né læknisvottorði, en ósennilegt þykir, að Arnþór hefði ekki haft greinilega áverka, eftir að fallið hefði tvívegis á höfuð honum rúmlega 10 kílógramma steinhella.

Með verknuðum þessum hafa ákærðu gerst brotleg við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þá er sannað með framburði ákærðu og öðrum gögnum, að ákærði, X, réðst á Úlfar Úlfarsson, svo sem lýst er í I. lið, og sló hann fimm hnefahögg í andlitið, en hann var þá með á hendinni hnúajárn, sem hann hafði sjálfur útbúið. Ljóst er af framlagðri krufningarskýrslu prófessors Gunnlaugs Geirssonar og vætti hans, að áverkar þeir, sem ákærði veitti Úlfari, leiddu til heilablæðingar, sem varð banamein hans, þó að samkvæmt áliti og vætti Þorkels Jóhannessonar prófessors megi telja, að Úlfar hafi þá verið svo langt leiddur vegna lyfja og áfengisneyslu og samverkandi áhrifa þeirra, að mjög líklega hefðu þau ein og sér getað leitt hann til dauða síðar um nóttina.

Ljóst er, að ásetningur ákærða í upphafi árársinnar var að rota Úlfar eða gera hann óvígán, en það er mat réttarins, að með því að slá Úlfar fimm hnefahögg með hnúajárnunum í andlitid, þar af þrjú mjög þung, en hin, er hann lá út af í tröppunum, svo að líklegt var, að höfuð hans slægist við högginn í tröppurnar, hafi ákærða ekki getað dulist, að yfirgnæfandi líkur voru á því, að Úlfar hlyti bana af, og hefur hann með því gerst brotlegur við 211. gr. almennra hegningarlaga.

Varhugavert þykir hins vegar gegn mótmælum ákærðu að telja, að næg sönnun sé fram komin um, að hún hafi hvatt ákærða til að slá Úlfar tvö síðustu högginn, svo sem ákærði heldur fram, og ber því að sýkna hana af því að eiga hlutdeild í broti ákærða á 211. gr. almennra hegningarlaga, en ekki verður heldur talið, að hún hafi getað séð fyrir, að ákærði myndi beita slíkri hörku sem raun varð á, en hins vegar vissi hún, að ákærði ætlaði að beita hnúajárnunum við það að yfirbuga Úlfar, og verður því þátttaka hennar í ráni þessu sem og hlutur beggja ákærðu í ráninu í II. lið metin með hliðsjón af lokasetningu 252. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærðu eru bæði sakhæf, sbr. framlagðar geðheilbrigðisskýrslur.

Við refsimat í málinu verður annars vegar að líta til þess, að árásir ákærða eru fólkskulegar, og einkum er löðurmannleg árásin á Úlfar, sem gaf ekkert tilefni til svo harkalegrar aðferðar og var með öllu ófær um að veita nokkra mótspyrnu vegna ölvunarástands síns. Þá þykir það og vega til þyngingar, að þau yfirgefa bæði Úlfar og Arnþór meðvitundarlaus á brotastað og huga síðar ekki að þeim eða gera neinar ráðstafanir til þess, að einhver kæmi þeim til hjálpar. Þá verður tregða þeirra til að gefa sig fram eftir brotin metin þeim til lasts. Hins vegar verður hinn lági aldur þeirra og það, að þau hafa ekki gerst áður brotleg við refsilög, metin þeim til refsímildunar, svo og þykir rétt að taka að einhverju leyti tillit til þess í refsimatinu, að ákærðu hafa bæði orðið fyrir slæmri reynslu á bernskuárum (einkelti, kynferðisáreitni) og búið við slæmar uppeldisaðstæður, sem kunna að geta valdið þeim persónuleikatrúflunum, sem geri það líklegra, að þau leiðist út í afbrot, en aðrir unglingar, sem búið hafa við eðlilegar aðstæður.

Refsing ákærða, X, þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í sex ár og fimm mánuði.

Samkvæmt heimild í 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að ákveða, að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 15. mars sl. til dagsins í dag komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Refsing ákærðu, Y, þykir með hliðsjón af 77. gr. og 57. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 101, 1976, hæfilega ákveðin þannig, að hún sæti varðhaldi í þrjú mánuði, en að auki sæti hún fangelsi í 21 mánuð, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og niður skal hún falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hún almennt skilorð 57. gr.

almennra hegningarlaga og hlíti á sama tíma sérstöku umsjónarskilyrði 1. tl. 4. mgr. sömu greinar, í báðum tilfellum sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærðu, Y, var samkv. úrskurði sakadóms Reykjavíkur frá 15. mars sl. gert að hlíta forsjá barnaverndarnefndar Mosfellsbæjar, meðan á rannsókn málsins stæði, en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 17. apríl nk. Ekki liggur fyrir í málinu, hvernig þessari forsjá var háttað eða hvort henni fylgdi frelsisskerðing, sem jafna megi til gæsluvarðhaldsvistar, og verður að meta það við fullnustu dómsins, hvort unnt er að taka tillit til þess til styttingar á aflánunartíma, en 43. gr. almennra hegningarlaga þykir eiga við refsíúttekt beggja ákærðu.

Dæma ber ákærða, X, að greiða skipuðum verjanda sínum, Þorsteini Júlíussyni hrl., réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun, sem ákveðast 350.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Þá ber að dæma ákærðu, Y, til að greiða verjanda sínum, Atla Gíslasyni hrl., í réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun 270.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, sem ákveðst 220.000 kr., ber að dæma ákærða, X, til að greiða að 3/5 hlutum, en ákærðu Y að 2/5 hlutum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í sex ár og fimm mánuði.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 15. mars sl. til dagsins í dag komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ákærða, Y, sæti varðhaldi í þrjá mánuði, og enn fremur sæti hún fangelsi í 21 mánuð, en fresta skal fullnustu þeirra refsingar, og niður skal hún falla að liðnum þremur árum, haldi ákærða almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og hlíti sérstöku umsjónarskilyrði samkvæmt 1. tl. 4. mgr. sömu greinar, í báðum tilvikum sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði, X, greiði skipuðum verjanda sínum, Þorsteini Júlíussyni hrl., í réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun 350.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Ákærða, Y, greiði skipuðum verjanda sínum, Atla Gíslasyni hrl., í réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun 270.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Ákærðu greiði saman allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 220.000 kr., þannig að ákærði X greiði 3/5 hluta hans, en ákærða, Y, 2/5 hluta.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.